



Fundargerð 18. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 03. febrúar 2026 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Páll Jónsson (PJ), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Linda Karlsdóttir (LK), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Mættir varamenn:

Fjarverandi:, Andri Már Sveinsson (AMS), , Ari Halldór Hjaltason (AHH)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

HKS/ BH ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Staðfestingar frá vinnufundi stjórnar 10.janúar.

Formleg fyrirtaka og staðfesting á ákvörðunum vinnufundar.

Eftirfarandi breyting á reglugerð um keppnishald var rædd og lögð til á vinnufundi varðandi réttindi starfsmanna.

6.1.2 Formaður dómnefndar skal hafa gild réttindi til setu í dómnefnd útgefin af AKÍS.

Tillaga að breytingu: *Einstaklingar er sitja í dómnefnd skulu hafa gild réttindi útgefin af AKÍS sé keppnin hluti af Íslandsmóti. Sé um bikarmót að ræða þá þarf einungis formaður dómnefndar að hafa gild réttindi útgefin af AKÍS.*

Samhliða ofangreindu er 2. Og 3. grein námskrár breytt.

2.1a Formaður dómnefndar í keppni til Íslandsmeistaratitils;

Tillaga að breytingu: *Einstaklingar skipaðir í dómnefnd í keppni til Íslandsmeistaratitils en í tilfelli bikarmóts, formaður dómnefndar;*

2.1.b Keppnisstjóri í keppni til Íslandsmeistaratitils;

Tillaga að breytingu: *Keppnisstjóri á öllum akstursíþróttaviðburðum;*

Eftirfarandi breyting á reglugerð um keppnishald er einnig lögð til.

9.1 Innan fimm daga frá lokum keppni í Íslandsmeistaramóti skal keppnishaldari skila inn stigum til Íslandsmeistara fyrir alla keppendur og ökumenn til skrifstofu AKÍS



Tillaga að breytingu: *Innan fimm daga frá lokum keppni í Íslandsmeistaramóti skal keppnishaldari skila inn stigum til Íslandsmeistara fyrir alla keppendur og öikumenn, staðfestum af dómnefnd, til skrifstofu AKÍS.*

Lagt var til á vinnufundi stjórnar að AKÍS skuli á ensku kallast Motorsport Iceland í stað Icelandic Motorsport Association. Einnig skuli hafin vinna við endurhönnun á lógói sambandsins í tengslum við þessa breytingu.

Stjórn samþykkir og felur starfsmanni AKÍS að birta á heimasíðu sambandsins.

2. Ársþing AKÍS 2026

Tímasetning þings og staðsetning.

Fundarsalir í Laugardal eru ekki lausir 14.mars og 21. Mars er Verk og Vit í höllinni.

Ákveðið að athuga með fundarsal 28.mars til 7.mars til vara.

3. Fjármál.

Drög að ársreikningi ásamt drögum að fjárhagsáætlun 2026 var kynnt á vinnufundi í janúar.

Málið rætt og vinna við gerð fjárhagsáætlunar, ársreiknings unnin fram til kynningar á ársþingi.

4. Erindi frá KK vegna útgáfu bókar um sögu KK

“Sæl Helga.

Þá er betlið byrjað lol.

Við erum að klára bókina og ég er að selja Logo til styrktar aðila.

4 á síðu: 104x66 mm hvert lógó. Síðan kostar 300 þúsund en eitt lógó kr 75 þúsund.

Þið fáið 3 bækur fyrir að vera með.”

Stjórn samþykkir að styðja við þetta metnaðarfulla verkefni með kaupum á Logó á kr. 75 þúsund.

5. Önnur mál

Til kynningar:

Öryggisvika FIA stendur nú yfir og eru mörg áhugaverð málefni til umfjöllunar.



Frá starfsmanni:

-

Næsti stjórnarfundur verður 17. Febrúar 2026.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 21:21.